

# Lög

## um breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

*Breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.*

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild sjóðsins á meðan þeir gegna störfum sem veitt hefðu rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir stofnun A-deildar sjóðsins, þ.e. eru skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starfið er eigi minna en hálf starf.
- b. Í stað orðanna „flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild“ í 2. mgr. kemur: á réttindi í B-deild og A-deild sjóðsins.

*Breytingar á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.*

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „veita þeim rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins“ í 1. mgr. kemur: veitt hefðu rétt til aðildar að sjóðnum fyrir stofnun A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
- b. Í stað orðanna „flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins“ í 2. mgr. kemur: á réttindi í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 1. júní 2010.*